

9. fundur aðalstjórnar Vestra árið 2020

Fjarfundur haldinn í „Rooms“ á Facebook fimmtudaginn 17. desember 2020, kl. 16:30.

Mætt voru: Guðfinna Hreiðarsdóttir, Guðni Guðnason, Hjalti Karlsson, Hlynur Reynisson, Jóna Lind Kristjánsdóttir, Sólrún Geirsdóttir og Þorsteinn Þráinsson.

1. Reikningur frá HSV vegna leigu

Snemma í haust fóru Guðfinna og Guðni á fund bæjarráðs ásamt formanni körfuknattleiksdeildar, Ingólfi Þorleifssyni, og gerðu grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu hjá flestum deildum félagsins vegna Covid. Meðal annars var þar rætt um húsnæðisskuld félagsins, um ein milljón króna, vegna leiguíbúða deildanna og viðruð sú hugmynd að fella niður eða lækka þessa skuld í ljósi aðstæðna. Nýverið kom ítrekun frá HSV vegna þessarar skuldar og ljóst að bregðast þarf við með einhverjum hætti. Gera þarf deildunum grein fyrir þessari stöðu og í framhaldinu skrifa formlegt erindi til Ísafjarðarbæjar þar sem óskað er eftir niðurfellingu eða verulegri lækkun á leiguskuldinni. Guðna og Guðfinnu falið setja saman bréf og senda á bæinn.

2. Getraunir

Guðni greindi frá því að stjórn Getrauna ákvað að bæta 10 milljónum króna aukaframlagi til þeirra 60 félaga sem hafa selt mest og fengið flest áheiti vegna sölu á getraunaseðlum. Vestri fær kr. 232.429 í sinn hlut. Rætt var um að reyna að markaðssetja getraunirnar betur, t.d. með því að auglýsa á facebook gegn gjaldi. Þá þarf líka að vekja meiri athygli á fréttum af getraunum á heimasíðu félagsins.

3. Vallarhúsið

Skv. verkefnasamningi átti að skila inn framkvæmdaskýrslu vegna vallarhússins á Torfnesi í nóvember sl. til að geta sótt greiðslu fyrir það sem þegar hefur verið unnið. Það þarf að taka saman reikninga fyrir útlögðum kostnaði og reikna saman vinnustundir. Hjalti tekur að sér að gera skýrslu og reikning skv. verkefnasamningi.

4. Erindi frá KSÍ

Erindi er komið frá KSÍ þar sem bent er á að sækja þarf um vallarleyfi fyrir 15. janúar 2021 vegna notkunar á knattspyrnuvelli á Torfnesi næsta sumar. Ýmis vandamál komu upp á nýliðnu keppnistímabili sem nauðsynlegt er að lagfæra fyrir komandi

sumar ef völlumurinn á að uppfylla þær kröfur sem KSÍ setur. Brýnt er að gengið verði frá girðingu við norðurenda vallarins á ásættanlegan hátt fyrir fótboltann og körfuna þannig að báðir aðilar geti nýtt aðstöðuna á svæðinu með eðlilegum hætti. Er stefnt að fundi með sviðstjóra skóla- og tómsfundasviðs og framkvæmdastjóra HSV fljótlega á nýju ári til að ræða þessi mál.

5. Notkun á merki félagsins

Rætt um notkun merkis Vestra á ýmiss konar söluvarningi og ákveðið að taka málið fyrir á næsta formannafundi.

6. Önnur mál

Rætt um sérstaka íþrótt- og tómsfundastyrki á vegum félagsmálaráðuneytisins fyrir börn frá tekjulægri heimilum. Markmiðið er að jafna tækifæri þeirra til þátttöku í skipulögðu íþrótt- og tómsfundastarfi og hefur félagsmálaráðuneytið gert kynningarmyndband á nokkrum tungumálum auk íslensku, m.a. pólsku, tælensku og arabísku. Það þarf að koma þessum upplýsingum til skila til þeirra sem á þurfa að halda. Spurning hvornig það er hægt. Upplýsingar voru settar inn á samráðsvettvanginn – þjálfarar og formenn deilda þurfa að sjá um að deila þessu innan sinna raða. Líka spurning um að ná til þeirra sem ekki eru að æfa neitt, vegna fjárhagsörðugleika. Mögulega hægt að eiga samstarf við velferðasvið Ísafjarðarbæjar og Fjölmenningssetur.

Þorsteinn kom með tillögu að kynningu á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar í íþróttahúsum bæjarins, svipað og gert er víða á landinu. Ákveðið að senda erindi á HSV og leggja til að slík kynning verði viðhöfð þegar íþróttamaður ársins er útnefndur.

Stefnt að formannafundi í byrjun árs þar sem m.a. þarf að taka stöðuna á bókhaldi deilda og taka púlsinn á því hvornig fjármálin standa en ljóst að víða er róðurinn þungur.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:35

Fundargerð: Sólrún Geirsdóttir, ritari.